

**2017**

**Þriggja daga sumarferð til Siglufjarðar 6. – 8. júní, 49 fóru í þessa frábæru ferð.**

**Fórum ásamt félagsstarfinu í Lavasafnið á Hvolsvelli 2017, alveg frábær ferð og mjög fróðleg og eftirminnileg.**

**2018**

**Vorferð ásamt félagsstarfinu til Vestmannaeyja. Eldeyjasafn skoðað og þar var borðað, súpa og brauð. Keyrt um eyjuna með leiðsögn, heilsað upp á eldri borgara, þar var boðið upp á kaffi og mikinn söng. Það fóru 70 manns í þessa ferð.**

**Sumarferð Slóvenía; Króatía og sigling til Ísóla. 50 manns fóru í þessa frábæru ferð, mjög svo góðu og skemmtilegu ferð.**

**Bláskógabyggð og heimsóttum Friðheima, fengum góða kynningu um starfsemina þar og fengum okkur tómatasúpu og brauð.**

**Fórum síðan og skoðuðum dúkkusafnið á Flúðum. Síðan í Efstadal og fengum að kynnst starfseminni þar og einnig fengum við að smakka ýmislegt sem þau eru að framleiða.**

**2019**

**Þann 13. mars nk. er fyrirhuguð ferð í Perluna að skoða undur íslenskrar náttúru. Þessi ferð verður auglýst í Mosfellingi núna í febrúar, allar upplýsingar um skráningu verður þar, eftir það er hægt að skrá sig annaðhvort hjá Elvu í félagsstarfinu á Eirhömrum eða formanni ferðanefndar, 8633359. Það verður lagt af stað frá Eirhömrum kl. 12:30, verð er 4.500 fyrir manninn.**

**Svo er það rúsínan í pylsuendanum, Færeyjaferðin, sem seldist upp á 10 mín. þegar hún var kynnt á Eirhömrum sl. haust og komust færri með en vildu og var það vegna þess að ekki er æskilegt að fara með stærri ferðabíl þangað, einnig var ekki hægt að fá fleiri herbergi á hótelinu.**

**Varðandi ferðina verður haldinn fundur á Eirhömrum sennilega í apríl, verður hann auglýstur með tölvupósti til allra sem fara í ferðina.**

**Þeir, sem ætla að koma með á eigin vegum, eru velkomnir á fundinn.**